

Vestmannaeyjaferjan
Herjólfur ohf.

Ársreikningur 2024

Vestmannaeyjaferjan
Herjólfur ohf.
Básaskersbryggju
900 Vestmannaeyjum

kt. 420718-1280

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið rekur ferju sem er í ferjusiglingum á milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar / Þorlákshafnar samkvæmt samningi við íslenska ríkið.

Rekstrartekjur félagsins námu 2.227 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 111 millj. kr. milli ára eða um 5,2%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 98 millj. kr. (2023: hagnaður 68 millj.kr.)

Eigið fé félagsins í árslok nam 367 millj.kr (2023: 268 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 150 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2025 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.








Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 58 (2023: 57). Karlar eru 52% starfsmanna félagsins í árslok en konur 48%. Í stjórn félagsins eru tvær konur og þrír karlar og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Hlutafé félagsins í árslok nam 150,0 millj. kr. eins og í ársbyrjun. Hlutafé er allt í eigu Vestmannaeyjabæjar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Vestmannaeyjum, 08. apríl 2025.

Í stjórn félagsins:


Paul

Steinn Magnússon

Steinn K. Kulkseis

Guðlaugur Þorvaldur
Rannveig 'Isfjörð'

Sigurbergur Arnarson

Argnir Ólafsson
Framkvæmdastjóri:

Alfr Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss ohf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Vestmannaeyjaferjunnar Herjólfss („félagið“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2024 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Vestmannaeyjum, 08. apríl 2025.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Framlag Ríkissjóðs samningsbundnar tekjur		818.224.768	754.451.056
Seld þjónusta		1.279.563.402	1.229.515.395
Seldar veitingar		128.526.555	131.683.676
Aðrar tekjur		310.000	250.000
		<u>2.226.624.725</u>	<u>2.115.900.127</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		62.113.871	61.985.819
Laun og launatengd gjöld	3	988.485.914	934.734.088
Rekstur skips, áhalda og tækja		782.959.172	771.014.043
Mannvirkjakostnaður		70.829.140	62.436.017
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		160.810.505	148.907.126
Afskriftir	5	67.132.478	81.463.510
		<u>2.132.331.080</u>	<u>2.060.540.603</u>
Rekstrarhagnaður		<u>94.293.645</u>	<u>55.359.524</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		30.921.895	14.753.269
Vaxtagjöld		(756.324)	(253.058)
Gengismunur		(5.400)	(307.258)
		<u>30.160.171</u>	<u>14.192.953</u>
Hagnaður yfir tekjuskatt		124.453.816	69.552.477
Tekjuskattur	4	(26.155.251)	(2.018.258)
Hagnaður ársins	10	<u>98.298.565</u>	<u>67.534.219</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Óefnislegar eignir	6	11.498.934	16.358.355
Rekstrarfjármunir	7	87.287.571	67.848.571
Skatteign	9	547.897	236.658
Fastafjármunir		<u>99.334.402</u>	<u>84.443.584</u>
Viðskiptakröfur		24.841.841	126.889.466
Aðrar skammtímakröfur		86.686.331	51.466.854
Handbært fé		366.655.429	208.136.061
Veltufjármunir		<u>478.183.601</u>	<u>386.492.381</u>
Eignir samtals		<u>577.518.003</u>	<u>470.935.965</u>
Eigið fé			
Hlutafé		150.000.000	150.000.000
Óráðstafað eigið fé		216.652.914	118.354.349
Eigið fé	10	<u>366.652.914</u>	<u>268.354.349</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		102.291.041	102.373.041
Skuldir við tengda aðila	11	3.793.372	27.244.165
Ógreiddur tekjuskattur	9	26.466.490	2.254.916
Fyrirframinnheimtar tekjur		30.084.615	23.116.724
Aðrar skammtímaskuldir		48.229.571	47.592.770
Skammtímaskuldir		<u>210.865.089</u>	<u>202.581.616</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>577.518.003</u>	<u>470.935.965</u>

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	10	98.298.565	67.534.219
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5	67.132.478	81.463.510
Tekjuskattur	9	(311.239)	(236.658)
		<u>165.119.804</u>	<u>148.761.071</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, lækkun (hækkun)		66.828.148	(111.801.311)
Skammtímaskuldir, hækkun		1.315.582	70.113.858
Fyrirframinnheimtar tekjur, hækkun		6.967.891	1.069.208
		<u>75.111.621</u>	<u>(40.618.245)</u>
		Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	
		<u>240.231.425</u>	<u>108.142.826</u>
		Handbært fé frá rekstri	
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	7	(81.712.057)	(7.230.667)
		<u>(81.712.057)</u>	<u>(7.230.667)</u>
		Fjárfestingahreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		158.519.368	100.912.159
Handbært fé í ársbyrjun		<u>208.136.061</u>	<u>107.223.901</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>366.655.429</u></u>	<u><u>208.136.061</u></u>

Skýringar

1. Félagið

Vestmannaeyjaferjan Herjólfur ohf. ("Félagið") er íslenskt opinbert hlutafélag og er lögheimili þess að Básaskersbryggju í Vestmannaeyjum. Félagið er dótturfélag Vestmannaeyjabæjar og er ársreikningurinn hluti af samstæðureikningi sveitarfélagsins. Starfsemi félagsins felst í ferjusiglingum milli Vestmannaeyja og Landeyjahafnar/Þorlákshafnar.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum og byggir hann á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Framlög frá Ríkissjóði eru færð í samræmi við gildandi samning.

d. Óefnislegar eignir

Á eignaliðinn óefnislegar eignir er færður kostnaður vegna kaupa á bókunarkerfi, hugbúnaðarleyfum og öðrum óefnislegum eignum sem gjaldfærðar eru á fimm árum.

e. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Afskriftir reiknast af fastafjármunum þegar þeir hafa verið teknir í notkun. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Innréttingar og skrifstofubúnaður	3 - 5 ár
Áhöld og tæki	5 ár
Bifreiðar	5 ár
Viðhaldsslíppur	2 ár

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

g. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur samanstanda af seldum ónotuðum fariðum vegna ferða sem ekki hafa verið farnar.

h. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 14,6 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

i. Skatteign

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skýringar frh.:

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	807.600.459	761.778.071
Dagpeningar og bifreiðastyrkir	4.316.200	4.139.300
Lífeyrissjóðsframlög	107.863.233	101.901.841
Önnur launatengd gjöld	71.202.119	66.914.876
Samtals laun og launatengd gjöld	990.982.011	934.734.088
Hlutdeild Vegagerðarinnar í launum og launatengdum gjöldum	(2.496.097)	0
Laun og launatengd gjöld í rekstrarreikningi samtals	988.485.914	934.734.088
Fjöldi starfsmanna í árslok	67	68
Fjöldi stöðugilda í árslok	48	48
Meðal stöðugildi á árinu (ársverk)	58	57

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu 27,8 millj. kr. á árinu 2024 en þau námu 26,3 millj. kr. á árinu 2023.

4. Tekjuskattur

	2024	2023
Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu	(26.466.490)	(2.254.916)
Breyting á skatteign	311.239	(11.659.615)
Niðurfærsla skatteignar	0	11.896.273
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	(26.155.251)	(2.018.258)

Virkt skatthlutfall:

Hagnaður fyrir tekjuskatt	124.453.816	69.552.477
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall .	21,0% (26.135.301)	20,0% (13.910.495)
Ófrádráttarþær kostnaður	0,0% (4.389)	0,0% (4.040)
Niðurfærsla skatteignar	0,0% 0	(17,1%) 11.896.273
Aðrir liðir	0,0% (15.561)	0,0% 4
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	21,0% (26.155.251)	2,9% (2.018.258)

5. Afskriftir

Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2024	2023
Afskrift óefnislegra eigna	4.859.421	8.005.029
Afskrift rekstrarfjármuna	62.273.057	73.458.481
	67.132.478	81.463.510

Skýringar frh.:

6. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2023.....	40.025.149
Niðurfært á árinu	(3.248.500)
Heildarverð 31.12.2023.....	36.776.649
Heildarverð 31.12.2024.....	36.776.649
Afskrifað 1.1.2023.....	15.661.764
Afskrifað á árinu	8.005.029
Afskriftir færðar út	(3.248.500)
Afskrifað 31.12.2023.....	20.418.293
Afskrifað á árinu	4.859.421
Afskrifað 31.12.2024.....	25.277.714
Bókfært verð 1.1.2023.....	24.363.385
Bókfært verð 31.12.2023.....	16.358.355
Bókfært verð 31.12.2024.....	11.498.934
Afskriftarhlutföll	20%

7. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Innréttingar, skipsbúnaður og slíptaka	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2023.....	0	171.627.053	2.618.969	174.246.022
Fjárfestingar á árinu	0	0	7.230.666	7.230.666
Niðurlagt á árinu	0	(20.977.423)	0	(20.977.423)
Heildarverð 31.12.2023.....	0	150.649.630	9.849.635	160.499.265
Fjárfestingar á árinu	81.712.057	0	0	81.712.057
Heildarverð 31.12.2024.....	81.712.057	150.649.630	9.849.635	242.211.322
Afskrifað 1.1.2023.....	0	17.244.150	1.948.064	19.192.214
Afskrifað á árinu	0	72.928.961	529.520	73.458.481
Afskrifað 31.12.2023.....	0	90.173.111	2.477.584	92.650.695
Afskrifað á árinu	1.089.254	59.737.670	1.446.133	62.273.057
Afskrifað 31.12.2024.....	1.089.254	149.910.781	3.923.717	154.923.752
Bókfært verð 1.1.2023.....	0	154.382.903	670.906	155.053.809
Bókfært verð 31.12.2023.....	0	60.476.519	7.372.051	67.848.571
Bókfært verð 31.12.2024.....	80.622.803	738.849	5.925.918	87.287.571
Afskriftarhlutföll	2%	20 - 33%	20%	

8. Vátryggingar og fasteignamat

Vátryggingaverð búnaðar, áhaldar og tækja nam 21,4 millj. kr. í árslok (2023: 20,8 millj. kr). Fasteignamat Básaskersbryggju 2 nam 26,0 millj. kr. í árslok 2024 og á sama tíma nam brunabótamat eignarinnar 51,3 millj. kr.

Skýringar frh.:

9. Skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:	2024	2023
Skatteign í ársbyrjun	236.658	0
Reiknaður tekjuskattur ársins	(26.155.251)	(13.914.531)
Tekjuskattur til greiðslu	26.466.490	2.254.916
Niðurfærsla skatteignar	0	11.896.273
Skatteign í árslok	<u>547.897</u>	<u>236.658</u>

Skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði:

Rekstrarfjármunir	(1.995.269)	(1.528.920)
Viðskiptakröfur	2.521.972	1.727.120
Gengismunur	21.195	38.459
Skatteign í árslok	<u>547.897</u>	<u>236.658</u>

10. Eigið fé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 150 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Hlutafé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	150.000.000	50.820.130	200.820.130
Hagnaður ársins		67.534.219	67.534.219
Eigið fé 1.1.2023	150.000.000	118.354.349	268.354.349
Hagnaður ársins		98.298.565	98.298.565
Eigið fé 31.12.2023	<u>150.000.000</u>	<u>216.652.914</u>	<u>366.652.914</u>

Skýringar frh.:

11. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við tengda aðila

	2024	2023
Seld þjónusta:		
Hluthafi félagsins	1.518.424	1.404.578
	<u>1.518.424</u>	<u>1.404.578</u>
Kaup á vöru og þjónustu:		
Hluthafi félagsins	46.058.864	49.550.728
	<u>46.058.864</u>	<u>49.550.728</u>
Staða:		
Stöður á tengda aðila greinast þannig í árslok:		
Kröfur		
Kröfur á hluthafa	0	23.700
	<u>0</u>	<u>23.700</u>
Skuldir		
Skuld við hluthafa	3.793.372	27.244.165
	<u>3.793.372</u>	<u>27.244.165</u>